

Borgarráð

Brautarholtsstígur - Fyrirhugað eignarnám á landspildu úr landi Hofs og landspildu úr landi Króks, Kjalarnesi

Tillaga:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita mögulegum eignarnámsþolum tækifæri, í tvær vikur frá dagsetningu bréfs þess efnis, með vísan til 13. gr. stjórnáskilslutlaga nr. 37/1993 til að tjá sig um eftirfarandi tillögu um eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á grundvelli 1. tölulíðar 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

- annars vegar á 2776 m² landspildu úr landi Hofs, í samræmi við uppdrátt Mannvits/umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 1. febrúar 2016;
- hins vegar á 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, í samræmi við uppdrátt umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 24. mars 2017.

Mögulegum eignarnámsþolum verði gerð grein fyrir því að berist borgarráði ekki skriflegar athugasemdir eða andmæli þeirra vegna framangreindrar tillögu um eignarnám innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þess efnis muni borgarráð að öllum líkindum og án frekari tilkynninga, samþykkja framangreinda tillögu um eignarnám á tilvitnuðum landspildum, þ.e. framangreindum eignarhlutum eignarnámsþola í þeim, án frekari fyrirvara.

Greinargerð:

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag frá árinu 2009 um að leggja 1400 metra langan göngustíg, svonefndan Brautarholtsstíg, til hliðar við Brautarholtsveg, nr. 1213, á Kjalarnesi. Samkvæmt skipulaginu skal leggja Brautarholtsstíg yfir jarðirnar Hof og Krók á Kjalarnesi, en göngustígnum verður ekki komið fyrir á annan hátt. Göngustígnum, sem hannaður var árið 2014 í samræmi við samþykkt deiliskipulag, er ætlað að tryggja umferð og öryggi gangandi vegfarenda meðfram Brautarholtsvegi.

Reykjavíkurborg hefur leitast við að ná samningum við eigendur tilvitnaðra landspildna vegna fyrirhugaðra framkvæmda svo sem áskilið er í 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga, en ekki náð samkomulagi nema við hluta þeirra. Á fundi borgarráðs hinn 28. apríl 2016 var samþykkt að fela borgarlögmanni að reyna til þrautar að ná samningum við eigendur landspildnanna og að hefjast handa við undirbúning eignarnáms á spildunum ef samningar næðust ekki. Reykjavíkurborg hefur haldið nokkra fundi með eiganda jarðarinnar Hofs og fyrirsvarsmanni hans, en samkvæmt gögnum gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir að 2776 m² úr landi Hofs fari undir fyllingu fyrir göngustíginn. Samningaviðræðurnar leiddu í ljós að ekki er ágreiningur á

milli Reykjavíkurborgar og eiganda jarðarinnar Hofs um að þörf væri á göngustígnum en á hinn bóginn greindi aðila á um kaupverð landspildunnar. Samningaviðræðunum lyktaði á þann veg að hinn 3. mars 2017 gerðu aðilar með sér samkomulag um að Reykjavíkurborg myndi taka eignarnámi 2776 m² af landspildu úr jörðinni Hofi undir göngustíginn með 10% vikiðmörkum. Þar sem fullreynt þótti að samkomulag næðist um verðmæti landsins urðu aðilar ásáttir um að vísa ágreiningi þar um til matsnefndar eignarnámsbóta.

Reykjavíkurborg hefur einnig leitast við að ná samningum við eigendur jarðarinnar Króks og lyktaði þeirri umleitan með gerð kaupsamnings við fimm af sex eigendum jarðarinnar. Samkvæmt gögnum málsins gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir að 143 m² úr landi jarðarinnar Króks færu undir fyllingu fyrir göngustíginn og 10% vikiðmörkum. Fyrirnefndu fimm eigendur jarðarinnar sem Reykjavíkurborg hefur gert áður nefndan kaupsamning við eiga samtals 47,92% eignarinnar eða sem nemur landspildu úr jörðinni að stærð 308 m². Þrátt fyrir að ekki er þörf fyrir nema hluta þess lands undir göngustíginn, eða um 143 m² eins og áður er getið, ákvað Reykjavíkurborg að fallast á kröfu fimm fyrirnefndra landeigenda um að kaupa allt svæðið sunnan Brautarholtsvegur því ella hefði orðið eftir lítil landspilda sunnan við göngustíginn án tengsla við jörðina Krók að öðru leyti. Í fyrirnefndum kaupsamningi var ekki samið um kaupverð heldur ákveðið að það skyldi vera í samræmi við niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti lands Hofs. Greiðsla kaupverðs og útgáfa afsals fyrir 308 m² spildu úr landi jarðarinnar Króks bíður því niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti lands Hofs.

Í kjölfar þess að tilvitnaðir samningar náðust reyndi Reykjavíkurborg til þrautar að ná samningi við þann eina af sameigendum jarðarinnar Króks sem ekki hafði náðst samkomulag við. Umræddur eigandi á 52,08% jarðarinnar Króks. Niðurstaða þeirrar samningaumleitunar var sú að eigandinn vildi ekki ganga til samninga við Reykjavíkurborg á sömu forsendum og sameigendur hans að jörðinni gerðu, þ.e. að una niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á landi Hofs. Reykjavíkurborg hefur upplýst eigandann um að þá komi til skoðunar af hálfu borgarinnar að gera eignarnám í eignarhluta hans á landinu sem þörf er á undir fyllingu fyrir göngustíginn.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2018 báða fyrirnefnda samninga, þ.e. annars vegar við eiganda jarðarinnar Hofs og hins vegar við fimm af sex eigendum jarðarinnar Króks. Jafnframt samþykkti borgarráð á tilvitnuðum fundi að óska umsagnar Skipulagsstofnunar, sbr. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga, um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi. Í framhaldinu sendi lögmaður Reykjavíkurborgar erindi þess efnis til Skipulagsstofnunar sem skilaði umsögn sinni um málið með bréfi, dags. 22. maí 2018. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að Reykjavíkurborg hefði sýnt fram á að skilyrði skipulagslaga fyrir eignarnámi væru uppfyllt og telur stofnunin að Reykjavíkurborg sé heimilt að taka eignarnámi annars vegar 2276 m² spildu úr landi Hofs og hins vegar 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² spildu úr landi Króks til að fá umráð yfir þessum landspildum til almannaþarfa.

Með vísan til þess sem hér er rakið að framan og jafnframt nánar til hjálagðs minnisblaðs lögmanns Reykjavíkurborgar, dags. 7. ágúst 2018 og hjálagðrar umsagnar Skipulagsstofnunar, dags. 22. maí 2018, er lagt til að mögulegum eignarnámspólum verði veittur frestur til að tjá sig um framangreinda tillögu um eignarnám og fyrirbyggjandi gögn um málið í tvær vikur frá dagsetningu bréfs þess efnis, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ebba Schram

Hjálagt:

Umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 22. maí 2018.

Minnisblað Ívars Pálssonar lögmanns, dags. 7. ágúst 2018, ásamt fylgiskjöllum.

Deiliskipulag

Landslög - Lögfræðistofa
Ívar Pálsson hrl.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2018
Tilvísun: 201805013 / 2.8.1

Efni: Beiðni um umsögn vegna mögulegs eignarnáms á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi

Vísað er til bréfs Ívars Pálssonar, hrl., fyrir hönd Reykjavíkurborgar þar sem óskað er umsagnar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi, Reykjavík, með vísan til 1. tölul. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt bréfinu er annars vegar um að ræða eignarnám á 2776 m² landspildu úr landi Hofa og hins vegar á 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks.

Í 1. tölul. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga segir að sveitarstjórn sé heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.

Auk framangreinds ákvæðis þarf að gæta að ákvæði 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga, en þar er kveðið á um að eignarnám sé því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Eins og kemur fram í umsagnarbeiðninni liggur fyrir deiliskipulag frá 2009 um göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi. Samkvæmt deiliskipulaginu og uppdráttum Mannvits/umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem fylgja með umsagnarbeiðninni, liggur stígurinn yfir jarðirnar Hof og Krók. Í umsagnarbeiðninni er tekið fram að göngustígurinn muni þjóna gangandi vegfarendum og tryggja öryggi þeirra á ferð um svæðið. Með það sem hér er rakið í huga og að virtum þeim gögnum, sem fylgja umsagnarbeiðninni, verður ekki annað séð en að skilyrði um almannaþarfir í 1. tölul. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga sé uppfyllt.

Með umsagnarbeiðninni fylgir samkomulag vegna lagningar Brautarholtsstígs um jörðina Hof, dags. 3. mars 2017. Með undirritun sinni staðfestir Eygló Gunnarsdóttir, eigandi jarðarinnar, að ekki sé ágreiningur um heimild eignarnema til töku hluta jarðarinnar undir göngustíg. Að virtu þessu reynir ekki á framangreint ákvæði 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga í landi Hofa.

Þá liggur fyrir ódagsettur kaupsamningur um spildu úr jörðinni Króki vegna lagningar Brautarholtsstígs, milli Reykjavíkurborgar og Guðjóns Hólms Guðbjartssonar, Önnu Margrétar H. Guðbjartsdóttur, Hólmfríðar Hólms Guðbjartsdóttur, Guðbjarts Hólms Guðbjartssonar og Steinunnar Hólms Guðbjartsdóttur. Aftur á móti liggur ekki fyrir samningur við Gunnar Guðbjartsson sem á rúmlega 50% hlut í sameignarlandi jarðarinnar.

Af framlögðum gögnum er ljóst að lögmaður Gunnars, Marteinn Músson, hrl., og Ívar Pálsson, hrl. fyrir hönd Reykjavíkurborgar, hafa verið í tölvubréfasamskiptum. Þá liggur fyrir að Ívar fyrir hönd Reykjavíkurborgar fundaði með Gunnari og lögmanni hans þann 26. júní 2017, vegna viðræðna um kaup á eignarhluta Gunnars í spildu í eigu jarðarinnar Króks, sbr. minnisblað sem hann gerði um fundinn og er dags. 27. júní 2017. Niðurstaða fundarins var sú að Gunnar vildi ekki ganga til samninga við borgina á sömu forsendum og sameigendur hans. Í minnisblaði Ívars til borgarlögmanns, dags. 11. janúar 2018, er tekið fram að engar viðræður hafi átt sér stað eftir umræddan fund.

Að virtu því sem er rakið hér að framan og með hliðsjón af gögnum málsins fær Skipulagsstofnun ekki annað séð en að Reykjavíkurborg hafi með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við Gunnar, eins og 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga áskilur.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki annað séð en að Reykjavíkurborg sé heimilt að taka eignarnámi annars vegar 2776 m² landspildu úr landi Hofs og hins vegar 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, til að fá umráð yfir þessum fasteignum til almannaþarfa, sbr. gildandi deiliskipulag.



Ottó Björgvin Óskarsson

Minnisblað / vinnuskjal

Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður

Reykjavík, 7. ágúst 2018.

Brautarholtsstígur, fyrirhugað eignarnám á landspildu úr landi Hofs og landspildu úr landi Króks, á Kjalarnesi.

1. MÁLAVEXTIR

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag um að leggja 1400m langan göngustíg, svonefndan Brautarholtsstíg, til hliðar við Brautarholtsveg, nr. 1213, á Kjalarnesi. Samkvæmt skipulagi liggur Brautarholtsstígur yfir jarðirnar Hof og Krók. Deiliskipulag stígsins er frá árinu 2009. Landeigendur beggja jarðanna komu á framfæri athugasemdum við göngustíginn í skipulagsferlinu. Hönnun stígsins fór fram á árinu 2014 í samræmi við samþykkt skipulag. Stígnum er ætlað að tryggja umferð og öryggi gangandi vegfarenda með Brautarholtsvegi. Stígnum verður ekki komið fyrir á annan hátt.

Reykjavíkurborg hefur leitast við að ná samkomulagi við landeigendur vegna fyrirhugaðra framkvæmda en ekki náð samkomulagi nema við hluta þeirra. Á 5405. fundi borgarráðs, þann 28. apríl 2016, var tekin ákvörðun um að reyna til þrautar samningaleiðina og hefja undirbúning eignarnáms ef samningar næðust ekki. Var Landslögum falið að gera lokatilraun til samninga við landeigendur og undirbúa eignarnám.

• Hof

Reykjavíkurborg fundaði nokkrum sinnum með landeigenda jarðarinnar Hofs, Eygló Gunnarsdóttur, og/eða fyrirsvarsmanni hennar, Stefáni Þór Stefánssyni, lögfræðingi, sbr. fundargerðir 11. júlí 2014, 24. febrúar 2016 og 9. mars 2016.

Samkvæmt gögnum gerði Reykjavíkurborg gera ráð fyrir að 2776 m² úr landi Hofs færi undir fyllingu fyrir stíginn. Gert var ráð fyrir 10% vikmörkum. Ekki var ágreiningur við eiganda Hofs um að þörf væri á göngustígnum, sbr. bréf Stefán Þórs fyrir eiganda Hofs, dags. 18. mars 2016. Ágreiningur var hins vegar um kaupverð. Reykjavíkurborg miðaði við að greiða kr. 300 pr. m², með hliðsjón af kaupverði Reykjavíkurborgar á hluta jarðarinnar Varmadals. Reykjavíkurborg hefur hins vegar boðið kr. 700 pr. m² til að ljúka málinu. Því tilboði hafnaði landeigandi en óskaði eftir kr. 1.190 pr. m² í bætur samkvæmt bréfi, dags. 18. mars sl. 2016. Í bréfi fyrirsvarsmanns landeiganda, dags. 27. maí 2016, var vísað til fréttar RÚV um málið og því mótmælt að viðræður hafi strandað. Viðræður hafi ekki verið verið fullreynðar eins og áskilið sé í skipulagslögum nr. 123/2010. Jafnframt að landeiganda hafi ekki borist formlegt boð hærra en kr. 300 pr. m². Í ljósi þess sé var skorað á Reykjavíkurborg að halda samningaviðræðum áfram áður en tekin verði ákvörðun um eignarnám.

Samningaviðræður við landeiganda Hofs héldu áfram. Þær enduðu með því þann 3. mars 2017 að gert var meðfylgjandi samkomulag við landeiganda um að Reykjavíkurborg myndi taka eignarnámi 2776 m² af jörðinni Hofi undir stíginn með um 10% vikmörkum. Þar sem fullreynt væri um að samkomulag næðist um verðmæti landsins yrði ágreiningi þar um vísað til matsnefndar eignarnámsbóta enda samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur eignarnámið fyrir 1. desember 2017. Landeigandi hefur nú samþykkt að framlengja þann tíma til 1. september nk. sbr. meðfylgjandi gögn. Í samkomulaginu er tekið fram að landeigandi muni ekki setja sig á móti kröfu um afhendingu landsins og að framkvæmdir verð hafnar þó mati verði ekki lokið fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

- Krókur

Stopulli viðræður höfðu átt sér stað milli Reykjavíkurborgar og landeigenda Króks. Landeigendur þar eru sex. Svo virðist sem Reykjavíkurborg hafi ekki náð til allra erfingjana í upphafi. Samkvæmt tölvupósti Björgvins Rafns Sigurðarsonar, lögfræðings umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 16. júlí 2014, áttu sér stað tölvupóstssamskipti við einn af erfingjunum, Steinunni Guðbjartsdóttur hrl. Í þeim pósti kom fram að allir erfingjarnir hefðu gefið samþykki sitt óformlega fyrir utan Gunnar Guðbjörnsson sem ekkert hefði náðst í. Samkvæmt gögnum málsins var upphaflega gert ráð fyrir að 143 m² úr landi Króks færu undir fyllingu fyrir göngustíginn. Gert var ráð fyrir 10% vikmörkum. Landslög hóf frekari viðræður við landeigendur Króks. Leiddi það til kaupsamnings við 5 af 6 landeigendum Króks, þ.e. alla nema einn sem eiga samtals 47,92% eignarinnar, um 308 m² spildu undir stíginn. Þrátt fyrir að ekki þyrfti nema hluta þess lands undir stíginn eða um 143 m², eins og áður er getið, var ákveðið að fallast á kröfu landeigenda um að taka allt svæðið sunnan Brautarholtsvegur því ella hefði orðið eftir lítil landspilda sunnan við stíginn án tengsla við land Króks að öðru leyti. Kaupverðið er ekki ákveðið en það skal vera í samræmi við niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti lands Hofs. Greiðsla kaupverðs og útgáfa afsals bíður því niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti þess lands. Samkvæmt kaupsamningnum heimila seljendur Reykjavíkurborg að taka hið selda til umráða um leið og borgarstjórn Reykjavíkur hefur staðfest samninginn.

Í kjölfar þessa samninga var svo enn reynt til þrautar að ná samningi við þann eina af sameigendum Króks, Gunnar Guðbjartsson, sem ekki höfðu náðst samningar við. Hann er eigandi 52,08% sameignarlandsins. Þær viðræður enduðu með fundi undirritaðs, landeiganda, eiginkonu hans og Marteins Mátssonar hrl., lögmanns þeirra hjóna, þann 27. júní 2017 sl. Niðurstaða þess fundar var sú að Gunnar vildi ekki ganga til samninga við Reykjavíkurborg á sömu forsendum og sameigendur hans þ.e. una niðurstöðu um mat verðmæti matsnefndar eignarnámsbóta á landi Hofs. Hann gerði sömu kröfu og eigandi Hofs hafði áður boðið Reykjavíkurborg þ.e. kr. 1.190- pr. fm. Var hann upplýstur að slíku tilboði yrði líklega hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar og m.t.t. fyrri afstöðu og til skoðunar kæmi þá líklega til skoðunar að leggja til við borgarráð/borgarstjórn að farið yrði í eignarnám á eignarhluta hans á landinu sem undir stíginn.

Engar viðræður hafa átt sér stað eftir þetta en leitað hefur verið eftir afstöðu landeiganda í gegnum lögmann þeirra en engin svör borist.

Í ljósi framangreinds samþykkti borgarráð á fundi sínum þann 18. janúar sl. annars vegar:

1. Fyrirliggjandi tvo samninga við landeigendur um land undir Brautarholtsstíg, þ.e. annars vegar veið eiganda Hofs og hins vegar við 5 af 6 eigendum Króks (eigendur 47,92% Króks).

og hins vegar:

2. að leita umsagnar Skipulagsstofnunar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi, Reykjavík, með vísan til 1. tl. 2. mgr. 50 gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

- á 2776 m² landspildu úr landi Hofs, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016,
- og á 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.

Umsögn Skipulagsstofnunar, frá 23. maí sl. liggur fyrir sbr. meðfylgjandi afrit. Í niðurlagi umsagnar Skipulagsstofnunar segir:

„Með vísan til alls framangreinds verður ekki annað séð en að Reykjavíkurborg sé heimilt að taka eignarnámi annars vegar 2776 m² landspildu úr landi Hofs og hins vegar 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, til að fá umráð yfir þessum fasteignum til almannaþarfa, sbr. gildandi deiliskipulag.“

2. FRAMHALD MÁLSINS/MÖGULEGT EIGNARNÁM

Í 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er fjallað um eignarnám. Í 2. mgr. 50. gr. segir:

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.

Í 3. mgr. greinarinnar kemur eftirfarandi fram:

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Í málinu liggur fyrir samkomulag við eiganda Hofs um að það land sem fer undir stíginn í landi Hofs verði tekið eignarnámi en matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða verð fyrir landið þar sem ekki hafi náðst samkomulag um það.

Þá liggur fyrir kaupsamningur við 5 af 6 eigendum Króks um land undir stíginn. Jafnframt að sannanlega hefur verið leitast við að ná samningum við 1 eiganda landsins, sem er eigandi eigandi 52,08% sameignarlandsins, en ekki tekist.

Þá liggur fyrir að sveitarstjórn er nauðsynlegt að fá umráð yfir greindu landi til almannaþarfa skv. skipulagi þ.e. undir göngustíg sem þjónar gangandi vegfarendum og tryggir öryggi þeirra á ferð um svæðið.

Með vísan til framangreinds og fyrirliggjandi gagna, þ.m.t. umsagnar Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2018, virðist ljóst að til að hægt sé að leggja umræddan göngustíg meðfram Brautarholtsvegi verður ekki komist hjá því að taka umrætt land eignarnámi með vísan til 1. tl. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem ekki hafa nást samningar við landeigendur um verð, en um er að ræða:


- 2776 m2 landspildu úr landi Hofs, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016,
- og 52,08%, eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m2 landspildu úr landi Króks, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.

Áður en endanleg ákvörðun verður tekin um eignarnám er þó nauðsynlegt, til að upplýsa málið að fullu, til að gæta rannsóknarreglu og andmælaréttar, að gefa mögulegum eignarnámsþolum tækifæri á að stjál sig um fyrirhugað eignarnám sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37 frá 1993, þ.m.t. um umsögn Skipulagsstofnunar og fyrirbyggjandi gögn. Er lagt til að þeim verði sent minnisblað þetta og meðfylgjandi gögn og veittur tveggja vikna frestur til þess að skila andmælum/athugasemdum en ella megi búast við því að tekin verði ákvörðun um að taka umrædd réttindi eignarnámi án frekari fyrirvara.

Verði ákveðið að taka greindar spildur eignarnámi fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973 og verður ákvörðun um greiðslu bóta fyrir spildurnar tekin af matsnefndeignarnámsbóta.

Undirritaður munu góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,



Ívar Pálsson hrl.

Meðfylgjandi gögn:


- Deiliskipulag, stígur á Kjalarnesi
- Samkomulag við Eygló Gunnarsdóttur, eiganda Hofs, dags. 3. mars 2017, ásamt uppdrætti Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016
- Samkomulag við 5 af 6 eigendum Króks, dags. maí 2017, ásamt uppdrætti Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.
- Minnispunktar frá fundi 18. maí 2017
- Tölvupóstskipti við Marteín Mátsson hrl., 18. maí til 16. júní 2017
- Minnispunktar af fundi, dags. 27. júní 2017
- Tölvupóstskipti við Marteín Mátsson hrl., dags. 27. júní 2017
- Minnisblað Landslaga, dags. 11. janúar 2018
- Bréf borgarlögmans til borgarráðs Reykjavíkur, dags. 15. janúar 2018
- Fundargerð borgarráðs 18. janúar 2018
- Bréf borgarstjórans í Reykjavík til borgarlögmans, dags. 18. janúar 2018
- Tölvupóstur Eyglóar Gunnarsdóttur, dags. 7. maí, og bls. 3. úr samkomulagi við hana þar sem frestur til ákv. um eignarnám hefur verið framl. til 1. sept. 2018
- Bréf Landslaga til Skipulagsstofnunar, 7. maí 2018
- Bréf Skipulagsstofnunar frá 22. maí 2018



- SKYRNINGAR Á TÍÐUM**
- Nýr álfur
 - Stofnflugur samkvæmt aðskildingsplá
 - Nýr höfningsflugur
 - Höfningsflugur áð Klámnesiskóla
 - Mått skildingsplá
 - Stigur tengdur stíglakent samkvæmt deiliskildingsplá frá máí 1998

LÝSING Á FRAMVINDING

Stígurinn er málubúur og 3 m málur breidd. Gert er á þessu fyrir skilgreiningu samkvæmt Deiliskildingsplá máí 2 mna þessu. Á málur þess þessu skilgreiningu á málurinn er skilgreiningu.



Hluti af Aðalvísingargráningu 2001-2004, sem sýnir stafrun á 20. Desember 2002

Deiliskildingsplá þessu er tengd með deiliskildingsplá máí máí 2001. Stigurinn er málubúur og 3 m málur breidd. Gert er á þessu fyrir skilgreiningu samkvæmt Deiliskildingsplá máí 2 mna þessu. Á málur þessu skilgreiningu á málurinn er skilgreiningu.

LANDMÖKTUN

Stigur á Klámnesi

DEILISKILDING

Áætling um góðsælu deiliskildingsplá vef þátt 18. árslið Stigunáskilningu þessu 2002

Útgefandi	18. árslið
Útgefning	18. árslið
Útgefning	18. árslið
Útgefning	18. árslið

SAMKOMULAG

VEGNA LAGNINGAR BRAUTARHOLTSSTÍGS UM JÖRÐINA HOF

1. gr. Aðilar samnings þessa

Undirritaðir aðilar, **Reykjavíkurborg**, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur v/Tjörnina, 150 Reykjavík („eignarnemi“) og **Eygló Gunnarsdóttir**, kt. 200252-3229, Brekkugötu 13, 220 Hafnarfirði („eignarnámsþoli“), gera með sér eftirfarandi samkomulag.

2. gr. Forsendur

Þann 16. júlí 2009 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag vegna göngustígs meðfram Brautarholtsvegi við Kjalarnes. Hið samþykkt skipulag gerir ráð fyrir að leggja 1400 m langan göngustíg („**Brautarholtsstíg**“), til hliðar við Brautarholtsveg, nr. 1213, á Kjalarnesi. Samkvæmt skipulaginu liggur Brautarholtsstígur yfir jarðirnar Hof og Krók. Stígurinn var hannaður nánar árið 2014 í samræmi við skipulagið.

Eignarnámsþoli er eigandi jarðarinnar Hofs. Eignarnámsþoli leggst ekki gegn lagningu stígsins en aðilar hafa ekki náð samningum um fjárhæð bóta fyrir það land sem fer undir stíginn. Með undirritun sinni staðfesta aðilar að skilyrðum 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sé fullnægt og samningaviðræður hafi verið reyndar án árangurs og eignarnám sé því nauðsynlegt.

3. gr. Andlag eignarnáms

Andlag eignarnámsins er sá hluti jarðarinnar Hofs, fastanúmer 208-5244, Reykjavík sem samkvæmt deiliskipulagi svæðisins og síðari hönnun, dags. 1. febrúar 2016, á grundvelli skipulagsins, er þörf á undir fyllingu fyrir Brautarholtsstíg. Um er að ræða um 2776 m² úr jörðinni en gera má ráð fyrir 10% vikmörkun.

4. gr. Eignarnámsheimild

Eignarnámsheimild er 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem veitir sveitarstjórn heimild að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar til að taka eignarnámi fasteignir eða hluta fasteigna o.fl. á grundvelli gildandi deiliskipulags vegna framkvæmda skipulagsins. Ekki er ágreiningur milli aðila um heimild eignarnema til eignarnáms samkvæmt samkomulagi þessu.

5. gr. Matsnefnd eignarnámsbóta

Með undirritun sinni staðfesta aðilar að ekki er ágreiningur um heimild eignarnema til töku hluta jarðarinnar Hofs eignarnámi undir göngustíg í samræmi við samkomulag þetta.

Eignarnemi skuldbindur sig til að skjóta ágreiningi aðila um verðmæti hins eignarnumda án tafa til matsnefndar eignarnámsbóta samþykki borgarstjórn Reykjavíkur eignarnám í samræmi við samning þennan og ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973. Samþykki borgarstjórn ekki eignarnám í samræmi við samning þennan fyrir ~~1. júní~~ 2017 fellur samningur þessi niður án fyrirvara eða frekari aðgerða. Í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973 mun eignarnemi greiða kostnað aðila við rekstur málsins fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

21/9/17 í
E.9

6. gr. Umráð hins eignarnumda

Eignarnámsþoli staðfestir að hann mun ekki setja sig á móti beiðni eignarnema um að eignarnemi fái taki umráð hins eignarnumda og ráðist framkvæmdir þær sem eru tilefni eignarnámsins þó mati sé ekki lokið sbr. 14. gr. laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973.

7. gr. Ágreiningur og varnarþing

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til þess að leitast við af fremsta megni að leysa ágreining sem rísa kann vegna hans.

Reynast sættir árangurslausar skal ágreiningurinn lagður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.


8. gr. Önnur ákvæði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og skal hver aðili samningsins halda eftir sínu eintaki.

Öllu framanrituðu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan í votta viðurvist.

Reykjavík, 3. mars 2017

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar


Eygló Gunnarsdóttir

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:

Nafn

kt.

Nafn

kt.



Landeigendur - Mæðlfir flestr	
Reykjavík	3422 m ²
Hól	2276 m ²
Krökur	131 m ²
	6329 m ²

MANNVIT <small>Unnendur 23 Akureyri 240 47200 / 47200 Mannaviki Mannavagurkúla 42.05232418</small>		UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ <small>SKRIFstofa Framfaraldra og Umhverfisráðgjafar Borgartúni 13-14, 105 Reykjavík, Sími: 411 1111</small>	
ÚTGL.	DAÐS.	UTGAFUVERUR	SKAÐ.
B1	01/22/2010	FRUMGERÐ	FRUMGERÐ
		SRJ	SRJ
		HB	HB
		OS	OS
ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ		ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ	ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ
YFIRSKYRSLA YFIRSKYRSLA		ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ	ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ
Tæknigæðing Tæknigæðing		ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ	ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ ÚTGLAUFINGARFRUMGERÐ

KAUPSAMNINGUR
UM SPILDU ÚR JÖRÐINNI KRÓKI VEGNA LAGNINGAR
BRAUTARHOLTSSTÍGS

1. gr. Aðilar sammings þessa

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur v/Tjörnina, 150 Reykjavík („kaupandi“) og Gunnar Guðbjartsson, kt. 200645-3249, Lyngás, 116 Reykjavík, Guðjón Hólm Guðbjartsson, kt. 060548-2699, Háagerði, 116 Reykjavík og Anna Margrét H. Guðbjartsdóttir, kt. 180455-5159, Skálagerði 7, 108 Reykjavík, Hólmfríður Hólm Guðbjartsdóttir, kt. 150957-7299, Espigerði 6, 108 Reykjavík, Guðbjartur Hólm Guðbjartsson, kt. 040861-7349, Þýskalandi og Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir, kt. 220864-3249, Seljugerði 1, 108 Reykjavík (hér eftir sameiginlega vísað til sem „seljendur“) gera með sér eftirfarandi kaupsamning um spildu úr jörðinni Króki.

2. gr. Forsendur

Þann 16. júlí 2009 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag fyrir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi við á Kjalarnesi. Hið samþykkt skipulag gerir ráð fyrir að leggja 1400 m langan göngustíg („Brautarholtsstíg“), til hliðar við Brautarholtsveg, nr. 1213. Samkvæmt skipulaginu liggur Brautarholtsstígur yfir jarðimnar Hof og Krók.

Seljendur eiga jörðina Krók, sem stígurinn liggur um að hluta, í óskiptri sameign. Með samningi þessum samþykkja seljendur lagningu stígsins og sölu lands undir hann og kaupandi að greiða kaupverð í samræmi við samning þennan.

3. gr. Hið selda

Hið selda er spilda úr jörðinni Króki, landnúmer 125712, Reykjavík sem samkvæmt deiliskipulagi svæðisins og síðari hönnun, dags. 1. febrúar 2016, er þörf á fyrir Brautarholtsstíg ásamt skika norðan við stíginn sem ella yrði aðskilinn jörðinni við lagningu stígsins. Hin selda spilda afmarkast í samræmi við uppdrátt umhverfis- og skipulagssviðs kaupanda, landupplýsingadeild, dags. 24. mars 2017, og er um 308 m² að stærð, sjá fylgiskjal með samningi þessum.



Aðilum samnings þessa er ljóst að gera má ráð fyrir einhverjum vikmörkum á stærð og afmörkun hinnar seldu þar sem merki gagnvart aðliggjandi jörðum eru óstaðfest. Nákvæm stærðarmæling og endanleg hnitsett afmörkun verður unnin fyrir gerð afsals. Samhliða því verður spildunni skipt endanlega skipt út úr jörðinni Krók.

4. gr. Kaupverð hins selda

Landeigandi jarðarinnar Hofs, sem jafnframt á hluta lands sem fer undir Brautarholtsstíg, hefur gert samkomulag við kaupanda um eignarnám á þeim hluta lands hans sem fer undir stíginn. Verður ágreiningi hans og kaupanda um verðmæti þess lands skotið til matsnefndar eignarnámsbóta.

Aðilar samkomulags skuldbinda sig til þess að hlíta niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um sanngjarnt endurgjald fyrir þann hluta jarðarinnar Hofs sem fer undir stíginn, að teknu tilliti til fermetra fjölda hins selda. Kaupverð fyrir hið selda ákvarðast endanlega með því að deila fermetrafjölda þess lands Hofs sem tekið verður eignarnámi, í niðurstöðu matsnefndareignarnámsbóta fyrir um verð fyrir það land, og margfalda með endanlegum fermetrafjölda hins selda. Verði niðurstaða matsnefndareignarnámsbóta fyrir Hof með þeim hætti að ekki verði hægt að finna verðmæti hvers fermetra skuldbindur kaupandi sig til að dómkveðja tvo óháða matsmenn, á eigin kostnað, til að meta sérstaklega verðmæti hins selda. Skuldbinda aðilar sig til að hlíta niðurstöðu þeirra.

Kaupverðið verður greitt gegn útgáfu afsals fyrir spildunni um leið og endanleg niðurstaða liggur fyrir um kaupverðið í samræmi við framangreint. Verður kaupverðið greitt hverjum seljanda fyrir sig í samræmi við eignarhlutdeild hans í jörðinni Króki.

5. gr. Umráð hins selda

Seljendur staðfesta að þeir heimili kaupanda að taka umráð hins selda og ráðast í framkvæmdir, sem eru tilefni kaupsamnings þessa, þegar fyrirvari um staðfestingu borgarstjórnar á kaupsamningi þessum hefur verið uppfylltur.

6. gr. Ágreiningur og varnarþing

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til þess að leitast við af fremsta megni að leysa ágreining sem rísa kann vegna hans.

Reynast sættir árangurslausar skal ágreiningurinn lagður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.


7. gr. Önnur ákvæði

Samningur þessi er gerður í sjö eintökum og skal hver aðili samningsins halda eftir sínu eintaki.

Öllu framanrituðu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan í votta viðurvist.

Reykjavík, ____ . maí 2017

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar


Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir
fyrir hönd kaupenda e.u.

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:



Nafn

201072-3019

kt.

Nafn

kt.

Fylgiskjal: Uppdráttur umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, landupplýsingadeild, dags. 24. mars 2017,

UMBOÐ

Við undirrituð, Anna Margrét H. Guðbjartsdóttir, kt. 180455-5159, Hólmfríður Hólm Guðbjartsdóttir, kt. 150957-7299, Guðbjartur Hólm Guðbjartsson, kt. 040861-7349, og Guðjón Hólm Guðbjartsson, kt. 060548-2699 veitum hér með Steinunni Hólm Guðbjartsdóttur, kt. 220864-3249, umboð til að semja um, skuldbinda og að öðru leyti koma fram fyrir okkar hönd sem eigendur hluta af jörðinni Krókur, Kjalarnesi í tengslum við lagningu göngustígs („Brautarholtsstígs“) til hliðar við Brautarholtsveg á Kjalarnesi í samræmi við deiliskipulag samþykkt af borgarráði Reykjavíkur 16. júlí 2009. Til að fylgja deiliskipulagi svæðisins mun hluti af landi jarðarinnar Króki fara undir fyllingu Brautarholtsstígs.

Allt sem gert er á grundvelli þessa umboðs verður sem við hefðum gert það sjálf.

Reykjavík: 10/5 2017.



Anna Margrét H. Guðbjartsdóttir


Hólmfríður Hólm Guðbjartsdóttir


Guðbjartur Hólm Guðbjartsson


Guðjón Hólm Guðbjartsson

Vottar að undirskrift og dagsetningu:



kt 060574-5459



Uppdráttur **32.438.-**
 Reykjavík, 1:1000



Spilda sem Reykjavíkurborg kaupir úr landi Krökis.

Landshlíkarni (ISN93).

- | Nr. | Austur | Norður |
|-----|-------------|-------------|
| 101 | 361790.3275 | 418517.1422 |
| 102 | 361805.8980 | 418517.2335 |
| 103 | 361823.0156 | 418520.1659 |
| 104 | 361799.8990 | 418497.8250 |

Umhverfis- og skipulagssvið, Landupplýsingadeild, vinnur þennan uppdrátt. Samþykktur sem þessi uppdráttur, gætur 24. 03. 2017, dyggir á. Sjá hliðstætt, þinglýstan uppdrátt af hönnu Gerðið (landnr. 125845). Sjá hliðstætt, þinglýstan uppdrátt (öðruhlutastærðingur, þinglýst skjal nr. 41-1400916/1953), af hönnu Gímil (landnr. 176722). Að öðru leiti dyggir hliðstætt spildurinn sem Reykjavíkurborg eðlar að kaupa úr landi Krökis (landnr. 125712) á óskilastilum landamökum eins og þau koma fram í Landupplýsingakerfi Reykjavíkur.

Umhverfis- og skipulagssvið
 Landupplýsingadeild
 24. 03. 2017.

Minnispunktar/vinnuskjal

Marteinn Másson hrl.

Reykjavík 18. maí 2017.

EFNI: BRAUTARHOLTSSTÍGUR

Í kjölfar samtals okkar hef ég tekið samann punkta um stöðu máls vegna Brautarholtsstígs.

Eins og fyrir liggur í gögnum málsins liggur stígurinn um land Hofs, Reykjavíkurborgar og að mjög litlum hluta um land Króks. Stígurinn er verður fremst samgöngubót fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur en er fyrst og fremst mikið öryggismál fyrir börn á svæðinu. Reykjavíkurborg er því mikið í mun að ganga frá stígnum fyrir haustið áður en skóli byrjar á ný.

Stærsti hluti stígsins liggur um land Hofs og Reykjavíkurborgar en lítill hluti er innan Króks.

Reykjavíkurborg hefur samið við eiganda Hofs, sjá meðfylgjandi samning, um að taka 2776fm lands Hofs eignarnámi undir stígin. Ágreiningur er um verðið og fer sá ágreiningur fyrir matsnefnd eignarnámsbóta til ákvörðunar um sanngjarnt verð við fyrsta tækifæri. Beðið hefur verið með að taka það land formlega eignarnámi og senda það til matsnefndar á meðan ekki hefur verið lokið við samninga við eigendur Króks. Ástæða þess er bara sú að náist ekki samningar við eigendur Króks verður líka gerð tillaga um að farið verði í eignarnám á landi Króks og málin rekin saman.


Í samningnum við eiganda Hofs kemur fram að hann setji sig ekki á móti beiðni eignarnema um að taka umráð hins eignarnumda og ráðast strax í framkvæmdir þó matsferlinu sé ekki lokið. Reykjavíkurborg getur því í raun þegar ráðist í framkvæmdir á landi Hofs um leið formlega ákvörðun um eignarnám liggur fyrir en hægt væri að leggja að fyrir borgarstjórn án tafa ef ekki væri beðið eftir svörum frá umbjóðendum þínum.

Allir eigendur Króks, nema umbjóðendur þínir, hafa skrifað undir það samkomulag sem umbjóðendur þínir hafa haft til skoðunar. Í því felst að þeir selja

Umbjóðandi minn er tilbúinn til að greiða einhvern útlagðan kostnað við þína vinnu við að fara yfir samninginn.

Ef spurningar vakna eða óskað er eftir frekari skýringum er velkomið að hafa samband við undirritaðan í síma 520-2900 eða með tölvupósti í ivar@landslog.is.

Virðingarfyllst,
f.h. Landslaga,



Ívar Pálsson

Meðfylgjandi: Samningur við eiganda Hofs
Samningur við alla eigendur Króks nema einn
Uppdráttur sem sýnir stiginn í heild

Ívar Pálsson

From: Marteinn Másson <marteinn@logvangur.is>
Sent: 16. júní 2017 15:30
To: Ívar Pálsson
Subject: SV: Krókur

Sæll Ívar

Ég ræddi við Sigurlaugu áðan. Ég skil það svo að Gunnar sé ekki reiðubúinn að fara sömu leið og Eygló, þ.e. að láta landið af hendi en greiðsla komi síðar.

Því miður held ég að málið nái ekki lengra gegnum mig.

Með kveðju
Marteinn

Frá: Ívar Pálsson [ivar@landslog.is]
Sent: 15. júní 2017 15:35
Til: Marteinn Másson
Efni: RE: Krókur

Heill og sæll,

ég bíð til morguns, takk fyrir þetta.

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Marteinn Másson [mailto:marteinn@logvangur.is]
Sent: 15. júní 2017 15:35
To: Ívar Pálsson <ivar@landslog.is>
Subject: RE: Krókur

Sæll

Því miður tekur þetta tíma. Ég hef rætt við Stefán, son Eyglóar. Ég ræddi einnig við Sigurlaugu, eiginkonu Gunnars. Mér virðist hún vera aðeins tvístígandi í þessu, en hún sagðist mundu ræða þetta betur við Gunnar í kvöld, þegar hann kemur úr vinnu, og hafa síðan samband við mig í fyrramálið.

Kveðja
Marteinn

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson [mailto:ivar@landslog.is]
Sent: 15. júní 2017 14:43
To: Marteinn Másson
Subject: RE: Krókur

Sælir,

vísa í samtal okkar á mánudaginn.

Ég verð að fá einhvern framgang í þetta. Fáí ég ekki svar í dag mun ég líta svo á að umbjóðendur þínir muni ekki ganga að tilboðinu og hafni frekari samningaviðræðum og eignarnám sé þá eina leiðin.

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson
Sent: 9. júní 2017 10:41
To: 'Marteinn Másson' <marteinn@logvangur.is>
Subject: RE: Krókur

Heill og sæll,

á ég að líta svo á að samningsdrögum umbjóðanda míns sé hafnað og frekari viðræður hafi ekki þýðingu.

Bið þig um að svara þessu helst í dag. Umbjóðandi mun þá setja málið í annan farveg ef svo er. Ef ekki þá væri gott að vita hvað umbjóðendur þínir vilja gera.

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík

ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson
Sent: 8. júní 2017 09:50
To: 'Marteinn Másson' <marteinn@logvangur.is>
Subject: RE: Krókur

Sælir,

hvað segir þú mér minn kæri?

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson
Sent: 30. maí 2017 09:00
To: 'Marteinn Másson' <marteinn@logvangur.is>
Subject: RE: Krókur

Sælir,

heyrðir þú í þeim í gær?

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901

ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson
Sent: 29. maí 2017 07:58
To: 'Marteinn Másson' <marteinn@logvangur.is>
Subject: RE: Krókur

Sælir,

takk, takk.

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Marteinn Másson [mailto:marteinn@logvangur.is]
Sent: 29. maí 2017 07:58
To: Ívar Pálsson <ivar@landslog.is>
Subject: RE: Krókur

Sæll

Ég sendi bréfið þitt til þeirra um daginn. Ég skal heyra í þeim í dag og læt þig vita.

Kveðja
Marteinn

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson [mailto:ivar@landslog.is]
Sent: 29. maí 2017 07:57
To: Marteinn Másson
Subject: RE: Krókur

Heill og sæll,

hvað segja umbjóðendur þínir?

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson
Sent: 18. maí 2017 16:35
To: 'marteinn@logvangur.is' <marteinn@logvangur.is>
Subject: Krókur

Heill og sæll,

hjálagt minnisþuntar sbr. samtal okkar í fyrradag ásamt fylgiskjölum.

Væri þér mjög þakklátur ef hægt væri að svara þessu sem fyrst.

Ef umbjóðendur þínir vilja bara alls ekki gera samning er líka gott að vita það og þá þarf ekki að eyða frekari tíma í viðræður um það.

Það er mikið öryggismál að gerð stígsins verði lokið fyrir næsta vetur. Til þess að það geti orðið verður að setja málið í farveg sem fyrst.

Kveðja, Ívar Pálsson

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law /
Partner

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA
LANDSLÖG - LAW OFFICES
Borgartúni 26
105 Reykjavík
ICELAND
Tel. (+354) 520-2900
Fax (+354) 520-2901
ivar@landslog.is
www.landslog.is

-----Original Message-----

From: skanni@landslog.is [mailto:skanni@landslog.is]
Sent: 18. maí 2017 16:04
To: Ívar Pálsson <ivar@landslog.is>
Subject: Scanned from a Xerox Multifunction Printer

Please open the attached document. It was scanned and sent to you using a Xerox Multifunction Printer.

Attachment File Type: pdf, Multi-Page

Multifunction Printer Location: Prentými Device Name: P0079 - Xerox 7845

For more information on Xerox products and solutions, please visit <http://www.xerox.com>

Minnispunktur/vinnuskjal

Fundur, Brautarholtsstígur, spilda úr jörðinni Krók, eignarhluti Gunnars Guðbjartssonar

Þann 26. júní 2017 fundaði undirritaður Ívar Pálsson hrl., f.h. Reykjavíkurborgar, með Gunnari Guðbjartssyni, Sigurlaugu eiginkonu hans og Marteini Mássyni hrl., lögmanni þeirra, að Lyngási, Kjalarnesi, vegna viðræðna um kaup á eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í spildu í eigu jarðarinnar Króks vegna fyrirhugaðrar lagningar svokallaðs Brautarholtsstígs. Fundurinn stóð frá kl. 19.30 til 21.30.

Á fundinum var farið yfir forsögu málsins og fyrirhugaðan göngustíg. Þá rakti Gunnar samskipti við Reykjavíkurborg m.a. í tengslum við sameiningu Reykjavíkur og Kjalarness á sínum tíma o.fl. Hann benti líka á að í samskiptunum vegna málsins virtist hafa verið gengið út frá því að hann ætti 17,3% þegar hann ætti í raun 52,0833%. Svo virtist sem eignarhlut hans og Guðjóns hefði verið víxlað. ÍP upplýsti að frá slíku yrði auðvitað gengið tryggilega þannig að hver sameigendanna fengi það sem honum bæri. Þá var rætt um uppdrátt og afmörkun spildunnar.

Rætt var um framhald málsins. ÍP gerði grein fyrir að gerður yrði kaupsamningur, á þeim nótum sem þeim hefði verið kynntur, með fyrirvara um verð sem á endanum tæki mið af því mati sem kæmi út úr mati matsnefndar eignarnámsbóta fyrir spildu undir stíginn í landi Hofs. Önnur leið væri að gert yrði samkomulag um eignarnám eins og við Hof en ágreiningur um verð yrði, eins og í tilvikum Hofs, lagður fyrir matsnefnd eignarnámsbóta. Hvort heldur sem væri myndi Reykjavíkurborg greiða kostnað við lögmann Gunnars.

Gunnar upplýsti að honum hugnuðust ekki þessar leiðir. Hann kvaðst myndi sætta sig við það verð sem eigandi Hofs hafði boðið Reykjavíkurborg þ.e. kr.1.190,- pr. fm. Þá tæki hann gagntilboð til skoðunar. ÍP upplýsti að ólíklegt væri að hægt væri að ganga að því enda hefði þá verið samið um það við eiganda Hofs. Reykjavíkurborg teldi raunvirði landsins kr. 300 en væri tilbúin til að greiða kr. 700 pr. fm. til að ljúka málinu eins og eiganda Hofs hafi verið boðið.

ÍP ætlaði að upplýsa borgarlögmann um niðurstöðu fundarins og heyra á ný í lögmanni Gunnars, Marteini Mássyni um framhaldið. Í ljósi alls væri líklegt að lagt yrði til við borgarráð/borgarstjórn að eignarhluti Gunnars yrði tekinn eignarnámi til að hægt yrði að leggja umræddan stíg.

Reykjavík, 27. júní 2017

Ívar Pálsson hrl.

Ívar Pálsson

From: Marteinn Másson <marteinn@logvangur.is>
Sent: þriðjudagur, 27. júní 2017 11:33
To: Ívar Pálsson
Subject: RE: Brautarholtsstígur, minnisp. af fundi.

OK. Takk fyrir.

Kveðja
Marteinn

From: Ívar Pálsson [mailto:ivar@landslog.is]
Sent: 27. júní 2017 11:32
To: Marteinn Másson
Subject: RE: Brautarholtsstígur, minnisp. af fundi.

Sælir,

takk fyrir símtalið, bætti inn svohljóðandi setningu:

Þá tæki hann gagntilboð til skoðunar.

Hjálagt er þetta svo breytt.

Bestu kv.

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law / Partner

LANDSLÖG

Borgartún 26 | 105 Reykjavík
Sími/Tel.: + (354) 520 2900
<http://www.landslog.is>

From: Ívar Pálsson
Sent: 27. júní 2017 10:15
To: 'Marteinn Másson' <marteinn@logvangur.is>
Subject: Brautarholtsstígur, minnisp. af fundi.

Sælir,

takk fyrir fundinn í gær, er þetta ekki í grófum dráttum það sem fram fór og skiptir máli þó ýmislegt annað og skemmtilegra hafi líka verið rætt?

Bestu kv.

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law / Partner

LANDSLÖG

Borgartún 26 | 105 Reykjavík
Sími/Tel.: + (354) 520 2900
<http://www.landslog.is>

MINNISBLAÐ

um Brautarholtsstíg á Kjalarnesi, samningar og eignarnám

Til: Reykjavíkurborg / Ebba Schram hrl.
Frá: Landslögum – lögfræðistofu / Ívar Pálsson hrl.
Dags: 11. janúar 2018

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að Landslög tæki saman minnisblað um stöðu samninga og mögulegt eignarnám vegna fyrirhugaðs göngustígs, svokallaðs Brautarholtsstígs, á Kjalarnesi. Fyrst verður farið yfir stöðu mála og því næst verður sett fram tillaga um mögulega málsmeðferð í framhaldinu.

1. GÖGN

Vísað er til fyrri minnisblað um gögn málsins.

2. MÁLAVEXTIR / STAÐA MÁLA

Í grófum dráttum er staða málsins sú að fyrir liggur samþykkt skipulag um að leggja 1400m langan göngustíg, svonefndan Brautarholtsstíg, til hliðar við Brautarholtsveg, nr. 1213, á Kjalarnesi. Samkvæmt skipulagi liggur Brautarholtsstígur yfir jarðirnar Hof og Krók. Deiliskipulagi stígsins er frá árinu 2009. Landeigendur beggja jarðanna komu á framfæri athugasemdum við göngustíginn í skipulagsferlinu. Hönnun stígsins fór fram á árinu 2014 í samræmi við samþykkt skipulag.

Reykjavíkurborg hefur leitast við að ná samkomulagi við landeigendur vegna fyrirhugaðra framkvæmda, án árangurs. Talsverður munur var á stöðu samningaviðræðna Reykjavíkurborgar, annars vegar við landeigenda Hof, sem

höfðu verið þó nokkrar og hins vegar við eigendur Króks, en Reykjavíkurborg hefur gengið erfiðlega að ná til allra eiganda jarðarinnar.

Á 5405. fundi borgarráðs, þann 28. apríl 2016, var tekin ákvörðun um að reyna til þrautar samningaleiðina og hefja undirbúning eignarnáms ef samningar næðust ekki. Var Landslögum falið að gera lokatilraun til samninga við landeigendur og undirbúa eignarnám.

- Hof

Áður en málið kom til Landslaga hafði Reykjavíkurborg fundað nokkrum sinnum með landeigenda jarðarinnar að Hofi, Eygló Gunnarsdóttur, og/eða fyrirvarsmanns hennar, Stefáni Þór Stefánssyni, lögfræðingi, sbr. fundargerðir 11. júlí 2014, 24. febrúar 2016 og 9. mars 2016.

Samkvæmt gögnum gerði Reykjavíkurborg gera ráð fyrir að 2776 m² úr landi Hofs færi undir fyllingu fyrir stíginn. Gert var ráð fyrir 10% vikmörkum. Ekki var ágreiningur við Eygló um að þörf væri á göngustígnum, sbr. bréf Stefán Þórs fyrir hönd Eyglóar, dags. 18. mars 2016. Ágreiningurinn snérist fyrst og fremst um kaupverð. Reykjavíkurborg hefur miðað við að greiða kr. 300 pr. m², með hliðsjón af kaupverði Reykjavíkurborgar á hluta jarðarinnar Varmadals. Reykjavíkurborg hefur hins vegar boðið kr. 700 pr. m² til að ljúka málinu. Því tilboði hafnaði landeigandi en óskaði eftir kr. 1.190 pr. m² í bætur samkvæmt bréfi, dags. 18. mars sl. 2016. Í bréfi fyrirvarsmanns landeiganda, dags. 27. maí 2016, var vísað til fréttar RÚV um málið og því mótmælt að viðræður hafi strandað. Viðræður hafi ekki verið verið fullreyndar eins og áskilið sé í skipulagslögum nr. 123/2010. Jafnframt að landeiganda hafi ekki borist formlegt boð hærra en kr. 300 pr. m². Í ljósi þess sé var skorað á Reykjavíkurborg að halda samningaviðræðum áfram áður en tekin verði ákvörðun um eignarnám.

Samningaviðræður við landeiganda Hofs héldu áfram. Þær enduðu með því þann 3. mars 2017 að gert var meðfylgjandi samkomulag við landeiganda um að Reykjavíkurborg myndi taka eignarnámi 2776 m² af jörðinni Hofi undir stíginn með um 10% vikmörkum. Þar sem fullreynt væri um að samkomulag næðist um verðmæti landsins yrði ágreiningi þar um vísað til matsnefndar eignarnámsbóta enda samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur eignarnámið fyrir 1. desember 2017. Landeigandi hefur nú skrifað undir samhljóða samkomulag þar sem hún hefur samþykkt að framlengja þann tíma til 1. apríl nk. Í samkomulaginu er tekið fram að landeigandi muni ekki setja sig á móti kröfu um afhendingu landsins og hefji framkvæmdir þar þó mati verði ekki lokið fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

- Krókur

Hvað varðar landeigendur jarðarinnar Króks þá höfðu stopulli viðræður átt sér stað milli Reykjavíkurborgar og landeigenda. Landeigendur þar eru sex erfingjar en svo virtist sem Reykjavíkurborg hafi ekki náð til allra erfingjana. Samkvæmt tölvupósti Björgvins Rafns Sigurðarsonar, lögfræðings umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 16. júlí 2014, áttu sér stað tölvupóstssamskipti við einn af erfingjunum, Steinunni Guðbjartsdóttur hrl. Í þeim pósti kom fram að allir erfingjarnir hefðu gefið samþykki sitt óformlega fyrir utan Gunnars Guðbjörnssonar sem ekkert hefði náðst í. Samkvæmt gögnum málsins var upphaflega gert ráð fyrir að kaupa þyrfti 143 m² úr landi Króks fari undir fyllingu fyrir göngustíginn en gert er ráð fyrir 10% vikmörkum. Ekki er að finna frekari samskipti Reykjavíkurborgar við landeigendur Króks.

Landslög hóf viðræður við landeigendur Króks sem er í óskiptri sameign 6 aðila. Leiddi það til kaupsamnings við 5 af 6 landeigendum Króks, þ.e. alla nema einn sem eiga samtals 47,92% eignarinnar, um 308 m² spildu undir stíginn. Þrátt fyrir að ekki þyrfti nema hluta þess lands undir stíginn eða um 143 m² var ákveðið að fallast á kröfu landeigenda um að taka allt svæðið sunnan Brautarholtsvegar því ella hefði orðið eftir lítil landspilda sunnan við stíginn án tengsla við land Króks að öðru leyti. Kaupverðið er ekki ákveðið en það skal vera í samræmi við niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti lands Hofs. Greiðsla kaupverðs og útgáfa afsals bíður því niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti þess lands. Samkvæmt kaupsamningnum heimila seljendur Reykjavíkurborg að taka hið selda til umráða um leið og borgarstjórn Reykjavíkur hefur staðfest samninginn.

Í kjölfar þessa samninga var svo enn reynt til þrautar að ná samningi við þann eina af sameigendum Króks, Gunnar Guðbjartsson, sem ekki höfðu náðst samningar við. Hann er eigandi 52,08% sameignarlandsins. Þær viðræður enduðu með fundi undirritaðs, landeiganda, eiginkonu hans og Marteins Mátssonar hrl., lögmanns þeirra hjóna, þann 27. júní 2017 sl. Niðurstaða þess fundar var sú að Gunnar vildi ekki ganga til samninga við Reykjavíkurborg á sömu forsendum og sameigendur hans þ.e. una niðurstöðu um mat verðmæti matsnefndar eignarnámsbóta á landi Hofs. Hann gerði sömu kröfu og eigandi Hofs hafði áður boðið Reykjavíkurborg þ.e. kr. 1.190- pr. fm. Var hann upplýstur að slíku tilboði yrði líklega hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar og m.t.t. fyrri afstöðu og til skoðunar kæmi þá líklega til skoðunar að leggja til við borgarráð/borgarstjórn að farið yrði í eignarnám á eignarhluta hans á landinu sem undir stíginn.

Engar viðræður hafa átt sér stað eftir þetta.

3. FRAMHALD MÁLSINS/MÖGULEGT EIGNARNÁM

Í 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er fjallað um eignarnám. Í 2. mgr. 50. gr. segir:

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.

Í 3. mgr. greinarinnar kemur eftirfarandi fram:

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegjum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Í málinu liggur fyrir samkomulag við eiganda Hofs um að það land sem fer undir stíginn í landi Hofs verði tekið eignarnámi en matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða verð fyrir landið þar sem ekki hafi náðst samkomulag um það.

Þá liggur fyrir kaupsamningur við 5 af 6 eigendum Króks um land undir stíginn. Jafnframt að sannanlega hefur verið leitast við að ná samningum við 1 eiganda landsins, sem er eigandi eigandi 52,08% sameignarlandsins, en ekki tekist.

Með vísan til fyrirbyggjandi minnisblaðs Landslaga, dags. 11. janúar 2018, er lagt til við borgarráð að;

1. Borgarráð samþykki fyrirbyggjandi tvo samninga við landeigendur um land undir Brautarholtsstíg þ.e. arnars vegar við eiganda Hofs og hins vegar við 5 af 6 eigendum Króks (eigendur 47,92% Króks).
2. Borgarráð samþykki jafnframt að óska umsagnar Skipulagsstofnunar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi, með vísan til 1. tl. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:
 - o á 2776 m² landspildu úr landi Hofs, í samræmi við uppdrátt Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016,
 - o og á 52,08% eignarhluta Gunnar Guðbjartsson í 308 m² landspildu úr landi Króks, í samræmi við uppdrátt Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.

Verði ákveðið að taka greindar spildur eignarnámi fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973.

Verði fallist á framangreint er til hliðsjónar eftirfarandi verk- og tímaáætlun:

1. 2-3 vikur – Umsagnarferill hjá Skipulagsstofnun.
2. 1 vika – Landeigendum veitt tækifæri á að tjá sig um niðurstöðu Skipulagsstofnunar.
3. 2-3 vikur - Málið lagt fyrir borgarráð til ákvörðunar um eignarnám og síðan til staðfestingar í borgarstjórn.
4. 1 vika - Málið sent matsnefnd eignarnámsbóta.
5. 8-20 vikur - Málsmeðferð fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

Samtals 16-28 vikur.

Minnt er á að bæði í samningum við landeigendur Hofs og eigendur 47,92% eigendur Króks hefur verið samið um að fá landið afhent til framkvæmda áður en niðurstaða matsnefndar liggur fyrir um verðmæti landsins. Í samningi við Hof er þó gert ráð fyrir að slík krafa verði sett fram fyrir matsnefndinni á grundvelli 14. gr. laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973, en sú grein gerir ráð fyrir að nefndin geti heimilað umráðatöku og framkvæmdir. Undirritaður telur ekki útilokað að semja um það við eiganda Hofs að gera það án slíkrar kröfu og í raun þá þegar samningur við eiganda Hofs hefur verið samþykktur. Líklega þarf hins vegar að setja fram slíka kröfu vegna eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í landi Króks. Ef setja þarf fram slíka kröfu fyrir nefndinni má reikna með að ákvörðun nefndarinnar um slíka kröfu geti legið fyrir í 10-12 viku 2018.

Undirritaður munu góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

Ívar Pálsson hrl.



Borgarráð

Brautarholtsstígur á Kjalarnesi.

Með vísan til fyrirleggjandi minnisblaðs Landslaga, dags. 11. janúar 2018, er lagt til við borgarráð að;

1. Borgarráð samþykki fyrirleggjandi tvo samninga við landeigendur um land undir Brautarholtsstíg þ.e. annars vegar við eiganda Hofa og hins vegar við 5 af 6 eigendum Króks (eigendur 47,92% Króks).
2. Borgarráð samþykki jafnframt að óska umsagnar Skipulagsstofnunnar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi, með vísan til 1. tl. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:
 - o á 2776 m² landspildu úr landi Hofa, í samræmi við uppdrátt Mannvits/umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016,
 - o og á 52,08% eignarhluta Gunnar Guðbjartsson í 308 m² landspildu úr landi Króks, í samræmi við uppdrátt umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.

Lagt er til að borgarráð samþykki samþykki ofangreint.

Vakin er athygli á að í fyrirleggjandi samkomulagi vegna lagningar Brautarholtsstígs um jörðina hof, dags. 3. mars 2017 kemur fram í 6. gr. að eignarnámsspoli staðfesti að eignarnámsspoli muni ekki setja sig á móti beiðni eignarnema um að hann taki umráð hins eignarnunda og ráðist í framkvæmdir.

F.h. borgarlögmanns,


Þórhildur L Ólafsdóttir hdl.

Hjálagt:

Minnisblað Landslaga dags. 11. janúar 2018.

Kaupsamningur um spildur úr jörðinni Króki, dags. 1 maí 2017, ásamt fylgiskjölum.

Samkómulag vegna lagningar Brautarholtsstígs um jörðina Hof, dags. 3. mars 2017, ásamt fylgiskjölum.

Fundur nr. 5487

Hlusta ([/#facebook](#)) ([/#twitter](#)) ([/#google_plus](#))

BORGARRÁÐ

Ár 2018, fimmtudaginn 18. janúar, var haldinn 5487. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09.06. Viðstödd voru auk borgarstjóra: Halldór Auðar Svansson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Börkur Gunnarsson, Halldór Halldórsson og áheyrnarfulltrúinn Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Hrólfur Jónsson, Örn Sigurðsson, Hallur Símonarson, Ebba Schram og Linda Sif Sigurðardóttir.

Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Allar fundargerðir
(<http://reykjavik.is/fundargerdir>)

Fundargerðir stjórnkerfis-
og lýðræðisráðs
(<http://reykjavik.is/fundargerdir-stjornkerfis-og-lydraedisrads>)

1. Lögð fram fundargerð ferlinefndar fatlaðs fólks frá 11. janúar 2018. R18010033

Fylgigögn

[Ferlinefnd fatlaðs fólks 11. janúar 2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ferlinefnd_1101.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ferlinefnd_1101.pdf)

2. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 12. janúar 2018. R18010005

Fylgigögn

[Heilbrigðisnefnd 12. janúar 2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/heilbrigdisnefnd_1201.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/heilbrigdisnefnd_1201.pdf)

3. Lögð fram fundargerð ofbeldisvarnarnefndar frá 8. janúar 2018. R18010037

Fylgigögn

[Ofbeldisvarnarnefnd 8.1.2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ofbeldisvarnarnefnd_0801.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ofbeldisvarnarnefnd_0801.pdf)

4. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 5. janúar 2018 R18010028

Fylgigögn

[Stjórn Strætó bs. 5.1.2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/straeto_0501.pdf) (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/straeto_0501.pdf)

5. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. janúar 2018. R18010022

B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.

Fylgigögn

[Umhverfis- og skipulagsráð 17.01.2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umhverfis_og_skipulagsrad_1701.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umhverfis_og_skipulagsrad_1701.pdf)

6. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 9 mál. R18010087

Fylgigögn

[Embættisafgreiðslur 18. janúar 2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/embattisafgreidslur_21.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/embattisafgreidslur_21.pdf)

7. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. R18010127

Fylgigögn

[Umsagnir um rekstrarleyfi](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umsagnir_rekstrarleyfi_3.pdf) (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umsagnir_rekstrarleyfi_3.pdf)

8. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs, dags. í dag. R18010041

Samþykkt að veita Main Course ehf. styrk að fjárhæð kr. 1.500.000 vegna hátíðarinnar Food and Fun 2018.

Fylgigögn

[Styrkir](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/styrkir_8.pdf) (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/styrkir_8.pdf)

9. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í apríl 2017, um breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði, ásamt fylgiskjölum. R11060102

Samþykkt.

Fylgigögn

[Aðalskipulag Reykjavíkur - veitinga og gististaðir](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_veiting_gistist_adalsk.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_veiting_gistist_adalsk.pdf)

[Kynning með málum umhverfis- og skipulagssviðs](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_kynning.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_kynning.pdf)

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á lýsingu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í janúar 2018, vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, ásamt fylgiskjölum. R11060102

Samþykkt.

Fylgigögn

[Efnisvinnslusvæði í Álfnesvík - aðalskipulag](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_alfsnesvik_adalsk.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_alfsnesvik_adalsk.pdf)

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á verklýsingu vegna breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, ásamt fylgiskjöllum. R17080085

Samþykkt.

Fylgigögn

[Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_svaedisskipulag.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_svaedisskipulag.pdf)

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 26 við Efstaland, ásamt fylgiskjöllum. R17100159

Samþykkt.

Fylgigögn

[Efstaland 26 - breyting á skilmálum deiliskipulags](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_efstaland_26_0.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_efstaland_26_0.pdf)

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á tillögu um tilnefningu fulltrúa ráðsins í starfshóp um styrki úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur 2018 og auglýsingu styrkjanna, ásamt fylgiskjöllum. R18010088

Samþykkt.

Fylgigögn

[Húsverndarsjóður Reykjavíkur - auglýsing og skipan starfshóps 2018](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_husverndarsjodur.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_husverndarsjodur.pdf)

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. janúar 2018, varðandi malbiksframkvæmdir sem unnar voru á árinu 2017, ásamt fylgiskjöllum. R17010177

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

[Malbiksframkvæmdir 2017 - Yfirlit framkvæmda](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_malbik.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_malbik.pdf)

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út áframhaldandi framkvæmdir við skóla, menningarmiðstöð, þróttamannvirki og sundlaug í Úlfarsárdal, ásamt fylgiskjöllum. R18010208

Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 9.43 tekur Birgir Björn Sigurjónsson sæti á fundinum.

Kl. 9.56 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum og Börkur Gunnarsson vikur sæti.

Fylgigögn

[Úlfarsárdalur - Framkvæmdir](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_ulfarsardalur_1.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/usk_ulfarsardalur_1.pdf)

[Úlfarsárdalur - kynning](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ulfarsardalur_kynning.pdf) (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ulfarsardalur_kynning.pdf)

16. Fram fer kynning á jarðvegmengun í grunnvatni í Reykjavík. R18010217

Árný Sigurðardóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

17. Lagt fram bréf borgarlögmans, dags. 15. janúar 2018, þar sem lagt er til að borgarráð samþykki tvo fyrirbyggjandi samninga við landeigendur um land undir Brautarholtsstíg. Jafnframt að borgarráð samþykki að óska umsagnar Skipulagsstofnunar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi, ásamt fylgiskjölum. R16040181

Samþykkt.

Fylgigögn

[Brautarholtsstígur á Kjalarnesi](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/blo_brautarholtsstigur_1.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/blo_brautarholtsstigur_1.pdf)

18. Lagt fram að nýju erindi innri endurskoðunar um áhættustýringu og greiningu á misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg, ásamt minnisblaði innri endurskoðunar, sbr. 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 21. desember 2017. Einnig er lögð fram umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um erindið dags. 15. janúar sl. R17120126

Borgarráð tekur undir umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Fylgigögn

[Áhættustýring og greining á misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg - umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ie_ahaettustyring_umsogn.pdf) (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ie_ahaettustyring_umsogn.pdf)

19. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 11. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samninga við Samtökin 78. R18010176

Samþykkt.

Svandís Anna Sigurðardóttir og Anna Kristinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

[📎 Samningur við samtökin 78 - bréf
\(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mar_samtoking_78_bref.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mar_samtoking_78_bref.pdf)

[📎 Samningur við samtökin 78 \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samningur_2.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samningur_2.pdf)

[📎 Samningur við samtökin 78 \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samningur_1.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samningur_1.pdf)

20. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu, dags. 21. desember 2017, varðandi kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjavíkurborgar, ásamt lista yfir kynjahlutfall í desember 2017. R17120163

Anna Kristinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

[📎 Kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjavíkurborgar
\(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mar_kynjahlutfall.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/mar_kynjahlutfall.pdf)

21. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 12. janúar 2018, þar sem lagður er fram til samþykktar samningur við Samtök um danshús vegna rekstrar Dansverkstæðis til þriggja ára, ásamt fylgiskjölum. R17100145

Samþykkt.

Arna Schram og Signý Pálsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

[📎 Samstarfssamningur vegna rekstrar Dansverkstæði
\(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/dansverkstaedi.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/dansverkstaedi.pdf)

22. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu, dags. 15. janúar 2018, varðandi tillögur matsnefndar um veitingu stofnframlaga, ásamt fylgiskjölum. R17100089

Samþykkt.

Grétar Þór Jóhannsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fylgigögn

[📎 Tillögur matsnefndar vegna umsókna um stofnframlag
\(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/fms_stofnframlog_2.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/fms_stofnframlog_2.pdf)

[📎 Kynning \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/matsnefnd_kynning.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/matsnefnd_kynning.pdf)

23. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 15. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar, Fjölbautaskólans í Breiðholti og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um rekstur Fab Lab Reykjavík. R18010197

Samþykkt.

Fylgigögn

[Fá Fab lab Reykjavík - samningur um starfsemi 2018-2020](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/sea_fablab.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/sea_fablab.pdf)

[Fá Samstarfssamningur \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samningur_fablabreykjavik.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samningur_fablabreykjavik.pdf)

24. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 15. janúar 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að falla frá forkaupsrétti að íbúð að Vesturgötu 7, ásamt fylgiskjölum. R18010201

Samþykkt.

Fylgigögn

[Fá Vesturgata 7 - höfnun forkaupsréttar](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/sea_vesturgata_7.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/sea_vesturgata_7.pdf)

25. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 15. janúar 2018, með yfirliti yfir lóðaúthlutanir (íbúðarhúsnæði) borgarráðs árið 2017. R17060020

Fylgigögn

[Fá Íbúðahúsalóðir - úthlutanir 2017](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/sea_uthlutanir.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/sea_uthlutanir.pdf)

26. Lögð fram umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 16. janúar 2018, um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna þjónustu við strætisvagnafarþega á Hlemmi, sbr. 46. lið fundargerðar borgarráðs frá 14. desember 2017. R17120101

Samþykkt að vísa tillögunni og umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umfjöllunar og meðferðar hjá stjórn Strætó.

Kl. 11.31 vikur Hrólfur Jónsson af fundinum.

Fylgigögn

[Fá Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna þjónustu við strætisvagnafarþega á Hlemmi - umsögn SEA](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/hlemmur_umsogn_r17120101.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/hlemmur_umsogn_r17120101.pdf)

27. Lagt fram bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 18. desember 2018, varðandi gjaldskrá fyrir slökkvilið, ásamt umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 15. janúar 2018. R13010184

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.


Fylgigögn

[Fá Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins - umsögn FMS](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/shs_gjaldskra_umsogn.pdf)

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/shs_gjaldskra_umsogn.pdf)


28. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. janúar 2018, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verklag vegna hálkuvarna, sbr. 51. lið fundargerðar borgarráðs frá 21. desember 2017. R17120167

Fylgigögn

 [Svar við fyrirspurn um hálkuvarnir](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/svar_fyrirsp_halkuvarnir.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/svar_fyrirsp_halkuvarnir.pdf)

29. Lagt fram bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. desember 2018, móttakið 9. janúar 2018, varðandi tillögu borgarstjórnar um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga um dýrahald á opinberum stöðum, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 19. maí 2015. R15050119



Fylgigögn

 [Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna tillögu um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga um dýrahald á opinberum stöðum](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umhverfis_og_audlindarr.pdf)
(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umhverfis_og_audlindarr.pdf)

30. Lagt fram bréf Söngskóla Sigurðar Demetz, dags. 25. október 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð taki afstöðu til beiðni um aukningu kennslumagns sem greitt er fyrir að hálfu Reykjavíkurborgar fyrir nemendur á grunnstigi í söngnámi skólaárið 2017-2018. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir skóla- og frístundasviðs, dags. 16. janúar 2018, og fjármálaskrifstofu, dags. 17. janúar 2018. R17100459

Borgarráð telur ekki tilefni til að endurskoða samþykka fjárhagsáætlun og verða við erindinu með vísan til þess sem fram kemur í framlögðum umsögnum skóla- og frístundasviðs og fjármálaskrifstofu.

Fylgigögn

 [Erindi Söngskóla Sigurðar Demetz um fjölgun nemenda og aukningu framlags](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/demetz.pdf)
(<https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/demetz.pdf>)
 [Umsögn fjármálaskrifstofu](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/demetz_umsogn_fms.pdf) (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/demetz_umsogn_fms.pdf)

31. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. janúar 2018, varðandi fyrirhugaða ferð staðgengils borgarstjóra til Amsterdam dagana 25. til 26. janúar 2018, ásamt fylgiskjöllum. R18010210

Fylgigögn

 [Ferð staðgengils borgarstjóra til Amsterdam](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/amsterdam.pdf)
(<https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/amsterdam.pdf>)

32. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 16. janúar 2018:

Stjórn OR hefur nú til umfjöllunar framtíðarfyrirkomulag innri endurskoðunar fyrirtækisins. Óskað hefur verið eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til þess að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun allra eininga innan samstæðu OR. Lagt er til að borgarráð veiti stjórn OR jákvæða umsögn um slíkt fyrirkomulag innri endurskoðunar samstæðu OR.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17110136

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fylgigögn

[Erindi Orkuveitu Reykjavíkur varðandi afstöðu eigenda vegna fyrirkomulags innri endurskoðunar \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/or.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/or.pdf)

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 16. janúar 2018:

Lagt er til að samþykkt verði að fela sviðsstjórum að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hver á sínu sviði vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023.

Greinargerð fylgir tillögunni. R18010206

Samþykkt.

Fylgigögn

[Tillaga um ábyrgð sviðsstjóra á innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynjud_fjarhagsaaetlun.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/kynjud_fjarhagsaaetlun.pdf)

34. Lögð fram svohljóðandi tillaga fjármálastjóra, dags. 15. janúar 2018:

Lagt er til að samþykkt verði að fara ekki í skuldabréfaútboð á fyrri hluta ársins 2018.

Greinargerð fylgir tillögunni. R18010204

Samþykkt.

Fylgigögn

[Útgáfuáætlun í skuldabréfaflokkum á fyrri hluta árs \(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/fms_skuldabref.pdf\)](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/fms_skuldabref.pdf)

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gripið verði til úrbóta í því skyni að styrkja göngutengsl yfir Bústaðaveg og tryggja öruggar gönguleiðir ekki síst í þágu barna og unglinga sem fara daglega yfir götuna vegna skólagöngu og íþróttaæfinga. R18010252

Frestað.

36. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig staðið var að uppsetningu jólaskreytinga í borginni um liðin jól, m.a. umfang þeirra og hvernig þær skiptust eftir hverfum borgarinnar. R18010253

37. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir greinargerð um ásigkomulag Álftamýrarskóla (Háaleitisskóla) þar sem m.a. komi fram hvaða viðgerðir séu framundan á húsnæði skólans og hvenær þær munu fara fram. R17110138

38. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að borgarráð fái álit borgarlögmanns á því hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti samræmist reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir bensínstöðva. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa frá árinu 2012 óskað eftir lögfræðiláiti um málið. Furðu sætir að slíkt álit skuli ekki enn liggja fyrir sem segir ákveðna sögu um vinnubrögð núverandi borgarstjórnarmeirihluta og áhugaleysi hans á málinu. Í úttekt sem verkfræðistofan EFLA gerði á umræddri bensínstöð árið 2017 í kjölfar fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, kemur fram að aðstæður þar séu ekki í samræmi við reglur um brunavarnir á bensínstöðvum. R15030097

Frestað.

Fundi slitið klukkan 11:50

Halldór Auðar Svansson

Halldór Halldórsson

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Elsa Hrafnhildur

Yeoman

Kjartan Magnússon

Dagur B. Eggertsson

þarfnast þessi síða lagfæringar?

+

ÞJÓNUSTUVER

Þjónustuverið er opið frá 8:20-16:15 alla virka daga

ÁBENDINGAVEFUR

Láttu vita um það sem þarf að lagfæra.

NETSPJALL ([HTTPS://SVAERBOX.TELJARI.IS/?C=1030](https://svaerbox.teljari.is/?C=1030))

SENDA ÁBENDINGU ([HTTP://RVKREKSTUR.MAINMANAG](http://rvkrekstur.mainmanag))



Þjónustuver

411-1111
(tel:4111111)

upplýsingar@reykjavik.is
(<mailto:upplýsingar@reykjavik.is>)

NETSPJALL ([HTTPS://SVAERBOX.TELJARI.IS/?C=10](https://svaerbox.teljari.is/?C=10))

Þjónustuverið er opið frá 8:20-16:15 alla
virka daga

SKRIFSTOFUR

Borgartún 12-14, 105
Reykjavík Opið alla
daga frá kl. 08:20-
16:15

Teikningaafgreiðsla:
mánudag - föstudag
08:20 - 16:00

RÁÐHÚSIÐ

Tjarnargata 11, 101
Reykjavík Opið
mánudag - föstudag
08:00-20:00

Kennitala
Reykjavíkurborgar:
530269-7609





Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2018

R16040181

6113

HBL/Iss

Ráðhús Reykjavíkur - borgarlögmaður
Ebba Schram, borgarlögmaður
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Brautarholtsstígur

Á fundi borgarráðs þann 18. janúar 2018 var lagt fram bréf borgarlögmanns, dags. 15. janúar 2018, þar sem lagt er til að borgarráð samþykki tvo fyrirbyggjandi samninga við landeigendur um land undir Brautarholtsstíg. Jafnframt að borgarráð samþykki að óska umsagnar Skipulagsstofnunar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Ívar Pálsson

From: Eygló Gunnarsdóttir <eyglog@domus.is>
Sent: mánudagur, 7. maí 2018 11:23
To: Ívar Pálsson
Subject: RE: Hof, Kjalarnesi
Attachments: Landslög samkomulag um lagningu göngustígs.pdf

Sæll Ívar!

Hér kemur breytingin.

Gangi þér vel í því sem þú ert að fást við- heyrumst hress og kát.

Eygló

-----Original Message-----

From: Ívar Pálsson <ivar@landslog.is>
Sent: föstudagur, 4. maí 2018 15:18
To: Eygló Gunnarsdóttir <eyglog@domus.is>
Subject: Hof, Kjalarnesi

Heil og sæl,

vísa til samtals okkar áðan. Bið þig að staðfesta við mig að þú framlengir þann frest, sem getið er í meðfylgjandi samkomulagi vegna lagningar Brautarholtsstígs um jörðina Hof, sem borgarstjórn/borgarráð Reykjavíkur hefur til að ákveða eignarnám, skv. 2. mgr. 5. gr., til 1. september 2018. Eftir þann tíma fellur samkomulagið niður hafi eignarnám ekki verið ákveðið.

Læt þig fylgjast með.

Bestu þakkir og kveðjur,

Ívar Pálsson hrl.
Attorney at Law / Partner

Borgartún 26 | 105 Reykjavík
Sími/Tel.: + (354) 520 2900
<http://www.landslog.is>

-----Original Message-----

From: skanni@landslog.is [mailto:skanni@landslog.is]
Sent: föstudagur, 4. maí 2018 14:35
To: Ívar Pálsson <ivar@landslog.is>
Subject: Scanned from a Xerox Multifunction Printer

Please open the attached document. It was scanned and sent to you using a Xerox Multifunction Printer.

5. gr. Matsnefnd eignarnámsbóta

Með undirritun sinni staðfesta aðilar að ekki er ágreiningur um heimild eignarnema til töku hluta jarðarinnar Hofs eignarnámi undir göngustíg í samræmi við samkomulag þetta.

Eignarnemi skuldbindur sig til að skjóta ágreiningi aðila um verðmæti hins eignarnumda án tafa til matsnefndar eignarnámsbóta samþykki borgarstjórn Reykjavíkur eignarnám í samræmi við samning þennan og ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973. Samþykki borgarstjórn ekki eignarnám í samræmi við samning þennan fyrir ~~1. júní~~ 2017 fellur samningur þessi niður án fyrirvara eða frekari aðgerða. Í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973 mun eignarnemi greiða kostnað aðila við rekstur málsins fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

1/9/18
2/9/17
EG

6. gr. Umráð hins eignarnumda

Eignarnámsþoli staðfestir að hann mun ekki setja sig á móti beiðni eignarnema um að eignarnemi fái taki umráð hins eignarnumda og ráðist framkvæmdir þær sem eru tilefni eignarnámsins þó mati sé ekki lokið sbr. 14. gr. laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973.

7. gr. Ágreiningur og varnarþing

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til þess að leitast við af fremsta megni að leysa ágreining sem rísa kann vegna hans.

Reynast sættir árangurslausar skal ágreiningurinn lagður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

8. gr. Önnur ákvæði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og skal hver aðili samningsins halda eftir sínu eintaki.

Öllu framanrituðu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan í votta viðurvist.

Reykjavík, 3. mars 2017

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2018.

1. UMSÖGN UM EIGNARNÁM

Að beiðni Reykjavíkurborgar er hér með óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi, Reykjavík, með vísan til 1. tl. 2. mgr. 50 gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

- á 2776 m² landspildu úr landi Hofs, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016,
- og á 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Umhverfis- og skipulagsviðs, dags. 24. mars 2017.

Borgarráð samþykkti framangreint á fundi sínum þann 18. janúar 2018.

2. MÁLAVEXTIR

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag um að leggja 1400m langan göngustíg, svonefndan Brautarholtsstíg, til hliðar við Brautarholtsveg, nr. 1213, á Kjalarnesi. Samkvæmt skipulagi liggur Brautarholtsstígur yfir jarðirnar Hof og Krók. Deiliskipulag stígsins er frá árinu 2009. Landeigendur beggja jarðanna komu á framfæri athugasemdum við göngustíginn í skipulagsferlinu. Hönnun stígsins fór fram á árinu 2014 í samræmi við samþykkt skipulag. Stígnum er ætlað að tryggja umferð og öryggi gangandi vegfarenda með Brautarholtsvegi. Stígnum verður ekki komið fyrir á annan hátt.

Reykjavíkurborg hefur leitast við að ná samkomulagi við landeigendur vegna fyrirhugaðra framkvæmda en ekki náð samkomulagi nema við hluta þeirra. Á 5405. fundi borgarráðs, þann 28. apríl 2016, var tekin ákvörðun um að reyna til þrautar samningaleiðina og hefja

undirbúning eignarnáms ef samningar næðust ekki. Var Landslögum falið að gera lokatilraun til samninga við landeigendur og undirbúa eignarnám.

- **Hof**

Reykjavíkurborg fundaði nokkrum sinnum með landeigenda jarðarinnar Hofs, Eygló Gunnarsdóttur, og/eða fyrirsvarsmanni hennar, Stefáni Þór Stefánssyni, lögfræðingi, sbr. fundargerðir 11. júlí 2014, 24. febrúar 2016 og 9. mars 2016.

Samkvæmt gögnum gerði Reykjavíkurborg gera ráð fyrir að 2776 m² úr landi Hofs færi undir fyllingu fyrir stíginn. Gert var ráð fyrir 10% vikiörkum. Ekki var ágreiningur við eiganda Hofs um að þörf væri á göngustígnum, sbr. bréf Stefán Þórs fyrir eiganda Hofs, dags. 18. mars 2016. Ágreiningur var hins vegar um kaupverð. Reykjavíkurborg miðaði við að greiða kr. 300 pr. m², með hliðsjón af kaupverði Reykjavíkurborgar á hluta jarðarinnar Varmadals. Reykjavíkurborg hefur hins vegar boðið kr. 700 pr. m² til að ljúka málinu. Því tilboði hafnaði landeigandi en óskaði eftir kr. 1.190 pr. m² í bætur samkvæmt bréfi, dags. 18. mars sl. 2016. Í bréfi fyrirsvarsmanns landeiganda, dags. 27. maí 2016, var vísað til fréttar RÚV um málið og því mótmælt að viðræður hafi strandað. Viðræður hafi ekki verið verið fullreyndar eins og áskilið sé í skipulagslögum nr. 123/2010. Jafnframt að landeiganda hafi ekki borist formlegt boð hærra en kr. 300 pr. m². Í ljósi þess sé var skorað á Reykjavíkurborg að halda samningaviðræðum áfram áður en tekin verði ákvörðun um eignarnám.

Samningaviðræður við landeiganda Hofs héldu áfram. Þær enduðu með því þann 3. mars 2017 að gert var meðfylgjandi samkomulag við landeiganda um að Reykjavíkurborg myndi taka eignarnámi 2776 m² af jörðinni Hofi undir stíginn með um 10% vikiörkum. Þar sem fullreynt væri um að samkomulag næðist um verðmæti landsins yrði ágreiningi þar um vísað til matsnefndar eignarnámsbóta enda samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur eignarnámið fyrir 1. desember 2017. Landeigandi hefur nú samþykkt að framlengja þann tíma til 1. september nk. sbr. meðfylgjandi gögn. Í samkomulaginu er tekið fram að landeigandi muni ekki setja sig á móti kröfu um afhendingu landsins og að framkvæmdir verð hafnar þó mati verði ekki lokið fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

- **Krókur**

Stopulli viðræður höfðu átt sér stað milli Reykjavíkurborgar og landeigenda Króks. Landeigendur þar eru sex. Svo virðist sem Reykjavíkurborg hafi ekki náð til allra erfingjana í upphafi. Samkvæmt tölvupósti Björgvins Rafns Sigurðarsonar, lögfræðings umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 16. júlí 2014, áttu sér stað tölvupóstssamskipti við einn af erfingjunum, Steinunni Guðbjartsdóttur hrl. Í þeim pósti kom fram að allir erfingjarnir hefðu

Í 3. mgr. greinarinnar kemur eftirfarandi fram:

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Í málinu liggur fyrir samkomulag við eiganda Hofs um að það land sem fer undir stíginn í landi Hofs verði tekið eignarnámi en matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða verð fyrir landið þar sem ekki hafi náðst samkomulag um það.

Þá liggur fyrir kaupsamningur við 5 af 6 eigendum Króks um land undir stíginn. Jafnframt að sannanlega hefur verið leitast við að ná samningum við 1 eiganda landsins, sem er eigandi eigandi 52,08% sameignarlandsins, en ekki tekist.

Þá liggur fyrir að sveitarstjórn er nauðsynlegt að fá umráð yfir greindu landi til almannaþarfa skv. skipulagi þ.e. undir göngustíg sem þjónar gangandi vegfarendum og tryggir öryggi þeirra á ferð um svæðið.

Með vísan til framangreinds og fyrirbyggjandi gagna er ljóst að ekki verður komist hjá því að taka umrætt land eignarnámi með vísan til 1. tl. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þ.e.

- 2776 m² landspildu úr landi Hofs, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016,
- 52,08%, eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, í samræmi við (meðfylgjandi) uppdrátt Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.

Er óskað eftir jákvæðri umsögn Skipulagsstofnunar þar um enda skipulagsleg nauðsyn á gerð stígsins m.t.t. umferðar og öryggis gangandi vegfarenda um svæðið.

Rétt er að taka fram að áður en endanleg ákvörðun verður tekin um eignarnám verður afstaða Skipulagsstofnunar kynnt fyrir eignarnámsþolum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugað eignarnám og fyrirbyggjandi gögn.

Verði ákveðið að taka greindar spildur eignarnámi fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11 frá 1973 og verður ákvörðun um greiðslu bóta fyrir spildurnar tekin af matsnefndeignarnámsbóta.

Undirritaður munu góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

gefið samþykki sitt óformlega fyrir utan Gunnar Guðbjörnsson sem ekkert hefði náðst í. Samkvæmt gögnum málsins var upphaflega gert ráð fyrir að 143 m² úr landi Króks færu undir fyllingu fyrir göngustíginn. Gert var ráð fyrir 10% vikmörkum. Landslög hóf frekari viðræður við landeigendur Króks. Leiddi það til kaupsamnings við 5 af 6 landeigendum Króks, þ.e. alla nema einn sem eiga samtals 47,92% eignarinnar, um 308 m² spildu undir stíginn. Þrátt fyrir að ekki þyrfti nema hluta þess lands undir stíginn eða um 143 m², eins og áður er getið, var ákveðið að fallast á kröfu landeigenda um að taka allt svæðið sunnan Brautarholtsvegar því ella hefði orðið eftir lítil landspilda sunnan við stíginn án tengsla við land Króks að öðru leyti. Kaupverðið er ekki ákveðið en það skal vera í samræmi við niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti lands Hofs. Greiðsla kaupverðs og útgáfa afsals bíður því niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta um mat á verðmæti þess lands. Samkvæmt kaupsamningnum heimila seljendur Reykjavíkurborg að taka hið selda til umráða um leið og borgarstjórn Reykjavíkur hefur staðfest samninginn.

Í kjölfar þessa samninga var svo enn reynt til þrautar að ná samningi við þann eina af sameigendum Króks, Gunnar Guðbjartsson, sem ekki höfðu náðst samningar við. Hann er eigandi 52,08% sameignarlandsins. Þær viðræður enduðu með fundi undirritaðs, landeiganda, eiginkonu hans og Marteins Mátssonar hrl., lögmanns þeirra hjóna, þann 27. júní 2017 sl. Niðurstaða þess fundar var sú að Gunnar vildi ekki ganga til samninga við Reykjavíkurborg á sömu forsendum og sameigendur hans þ.e. una niðurstöðu um mat verðmæti matsnefndar eignarnámsbóta á landi Hofs. Hann gerði sömu kröfu og eigandi Hofs hafði áður boðið Reykjavíkurborg þ.e. kr. 1.190- pr. fm. Var hann upplýstur að slíku tilboði yrði líklega hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar og m.t.t. fyrri afstöðu og til skoðunar kæmi þá líklega til skoðunar að leggja til við borgarráð/borgarstjórn að farið yrði í eignarnám á eignarhluta hans á landinu sem undir stíginn.

Engar viðræður hafa átt sér stað eftir þetta en staðfest hefur verið að afstaða landeiganda er óbreytt.


3. FRAMHALD MÁLSINS/MÖGULEGT EIGNARNÁM

Í 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er fjallað um eignarnám. Í 2. mgr. 50. gr. segir:

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.

Virðingarfyllst,



Ívar Pálsson hrl.

Meðfylgjandi gögn:

- Deiliskipulag, stígur á Kjalarnesi
- Samkomulag við Eygló Gunnarsdóttur, eiganda Hofa, dags. 3. mars 2017, ásamt uppdrætti Mannvits/Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016
- Samkomulag við 5 af 6 eigendum Króks, dags. maí 2017, ásamt uppdrætti Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2017.
- Minnispunktar frá fundi 18. maí 2017
- Tölvupóstsamskipti við Marteín Másson hrl., 18. maí til 16. júní 2017
- Minnispunktar af fundi, dags. 27. júní 2017
- Tölvupóstsamskipti við Marteín Másson hrl., dags. 27. júní 2017
- Minnisblað Landslaga, dags. 11. janúar 2018
- Bréf borgarlögmans til borgarráðs Reykjavíkur, dags. 15. janúar 2018
- Fundargerð borgarráðs 18. janúar 2018
- Bréf borgarstjórans í Reykjavík til borgarlögmans, dags. 18. janúar 2018
- Tölvupóstur Eyglóar Gunnarsdóttur, dags. 7. maí, og bls. 3. úr samkomulagi við hana þar sem frestur til ákv. um eignarnám hefur verið framl. til 1. sept. 2018.

Landslög - Lögfræðistofa
Ívar Pálsson hrl.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2018
Tilvísun: 201805013 / 2.8.1

Efni: Beiðni um umsögn vegna mögulegs eignarnáms á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi

Vísað er til bréfs Ívars Pálssonar, hrl., fyrir hönd Reykjavíkurborgar þar sem óskað er umsagnar um mögulegt eignarnám á landi undir göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi, Reykjavík, með vísan til 1. tölul. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt bréfinu er annars vegar um að ræða eignarnám á 2776 m² landspildu úr landi Hofs og hins vegar á 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks.

Í 1. tölul. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga segir að sveitarstjórn sé heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.

Auk framangreinds ákvæðis þarf að gæta að ákvæði 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga, en þar er kveðið á um að eignarnám sé því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Eins og kemur fram í umsagnarbeiðninni liggur fyrir deiliskipulag frá 2009 um göngustíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi. Samkvæmt deiliskipulaginu og uppdráttum Mannvits/umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem fylgja með umsagnarbeiðninni, liggur stígurinn yfir jarðirnar Höf og Krók. Í umsagnarbeiðninni er tekið fram að göngustígurinn muni þjóna gangandi vegfarendum og tryggja öryggi þeirra á ferð um svæðið. Með það sem hér er rakið í huga og að virtum þeim gögnum, sem fylgja umsagnarbeiðninni, verður ekki annað séð en að skilyrði um almannaþarfir í 1. tölul. 2. mgr. 50. gr. skipulagslaga sé uppfyllt.

Með umsagnarbeiðninni fylgir samkomulag vegna lagningar Brautarholtsstígs um jörðina Hof, dags. 3. mars 2017. Með undirritun sinni staðfestir Eygló Gunnarsdóttir, eigandi jarðarinnar, að ekki sé ágreiningur um heimild eignarnema til töku hluta jarðarinnar undir göngustíg. Að virtu þessu reynir ekki á framangreint ákvæði 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga í landi Hof.

Þá liggur fyrir ódagsettur kaupsamningur um spildu úr jörðinni Króki vegna lagningar Brautarholtsstígs, milli Reykjavíkurborgar og Guðjóns Hólms Guðbjartssonar, Önnu Margrétar H. Guðbjartsdóttur, Hólmsfríðar Hólms Guðbjartsdóttur, Guðbjarts Hólms Guðbjartssonar og Steinunnar Hólms Guðbjartsdóttur. Aftur á móti liggur ekki fyrir samningur við Gunnar Guðbjartsson sem á rúmlega 50% hlut í sameignarlandi jarðarinnar.



Af framlögðum gögnum er ljóst að lögmaður Gunnars, Marteinn Másson, hrl., og Ívar Pálsson, hrl. fyrir hönd Reykjavíkurborgar, hafa verið í tölvubréfasamskiptum. Þá liggur fyrir að Ívar fyrir hönd Reykjavíkurborgar fundaði með Gunnari og lögmanni hans þann 26. júní 2017, vegna viðræðna um kaup á eignarhluta Gunnars í spildu í eigu jarðarinnar Króks, sbr. minnisblað sem hann gerði um fundinn og er dags. 27. júní 2017. Niðurstaða fundarins var sú að Gunnar vildi ekki ganga til samninga við borgina á sömu forsendum og sameigendur hans. Í minnisblaði Ívars til borgarlögmanns, dags. 11. janúar 2018, er tekið fram að engar viðræður hafi átt sér stað eftir umræddan fund.

Að virtu því sem er rakið hér að framan og með hliðsjón af gögnum málsins fær Skipulagsstofnun ekki annað séð en að Reykjavíkurborg hafi með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við Gunnar, eins og 3. mgr. 50. gr. skipulagslaga áskilur.

Með vísan til alls framangreinds verður ekki annað séð en að Reykjavíkurborg sé heimilt að taka eignarnámi annars vegar 2776 m² landspildu úr landi Hofs og hins vegar 52,08% eignarhluta Gunnars Guðbjartssonar í 308 m² landspildu úr landi Króks, til að fá umráð yfir þessum fasteignum til almannaþarfa, sbr. gildandi deiliskipulag.

Ottó Björgvin Óskarsson

